

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

300. fundur

Föstudaginn 22. febrúar 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH) og Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ).

Helga Ingólfssdóttir (HI) og Ásgeir Sveinsson (ÁS) boðuðu forföll.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁP), sviðsstjóri fjármála og rekstrar sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Húsnæðismál
2. Fargjaldastefna
3. Fundur með hagsmunaaðilum
4. Ársfundur Strætó
5. Akstursþjónusta fyrir fatlaða
6. Innri endurskoðun
7. Leiðakerfi
8. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Húsnæðismál

Sviðsstjóri fjármála og reksturs Strætó fór yfir aðdraganda þeirrar ákvörðunar að flytja starfsemi Strætó úr Þönglabakka 4/Mjódd yfir á Hesthál 14 þar sem hluti starfseminnar er nú þegar til húsa. Með flutningunum verður starfsemi Strætó sameinuð í eitt húsnæði. Gert er ráð fyrir að öll starfsemi Strætó verði flutt upp á Hesthál fyrir lok maí 2019.

Frá því um mitt ár 2016 hefur verið unnið að því að Reykjavíkurborg, sem er eigandi að stórum hluta af Þönglabakka 4, taki yfir allt húsnæðið í Þönglabakka bæði það sem Strætó er nú með í leigu hjá Reykjavíkurborg sem og kaupi þann hluta sem er í eigu Strætó, þ.e. 326,7 fm skrifstofurými. Þrátt fyrir flutning Strætó úr Þönglabakkanum hefur verið gert ráð fyrir að Strætó verði áfram með kaffiaðstöðu fyrir vagnstjóra og fargjaldasölu á jarðhæð hússins.

Sala á húsnæði Strætó í Þönglabakka og flutningur á starfsemi Strætó á einn stað upp á Hesthál 14 hefur verið unnin samhliða, enda forsenda flutninganna að eigandi Hesthál 14 sem er Reykjavíkurborg, ynni að breytingum á húsnæðinu þannig að öll starfsemi Strætó myndi rúmast þar fyrir. Skrifað var undir nýjan leigusamning um Hesthál 14, 9. janúar 2018, en sá samningur tekur mið af því að húsnæðið rúmi alla starfsemi Strætó.

Á fundi Borgarráðs 14. desember 2017 var samþykkt að gera tilboð í eign Strætó í Þönglabakka 4 upp á 89,85 m.kr. á grundvelli verðmats tveggja fasteignasala, en mat þeirra var annars vegar kr. 98 m.kr. og hinsvegar 81,7 m.kr.

Stjórn Strætó bs. kom þá með gagntilboð upp á 100 m.kr. sem Borgarráð samþykkti á fundi sínum 13. maí 2018. Í samþykktari fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og svo aftur nú árið 2019 var gert ráð fyrir að fasteign félagsins í Þönglabakka 4 yrði seld fyrir 100 m.kr.

Stjórn felur framkvæmdastjóra í samvinnu við lögfræðing félagsins að ganga frá sölu á fasteign félagsins, 326,7 fm skrifstofuhúsnæði að Þönglabakka 4, til Reykjavíkurborgar fyrir 100 m.kr. Stjórn leggur áherslu á að samhliða söluverði áfram tryggt að gert verði ráð fyrir kaffiaðstöðu fyrir vagnstjóra og fargjaldasölu í Þönglabakka 4 eða amk. á meðan Mjóddin þjónar þeim tilgangi að vera ein af aðalskiptistöðum Strætó.

2. Fargjaldastefna

Stjórnarformaður lagði til að skipaður yrði vinnuhópur til að vinna drög að nýrri fargjaldastefnu fyrir Strætó sem síðar yrði lögð fyrir stjórn Strætó.

Í vinnuhóp um fargjaldastefnu yrðu stjórnarformaður Strætó (BF), framkvæmdastjóri Strætó (JSR), sviðsstjóri fjármála og rekstrar (ÁÞ) og að minnsta kosti einn stjórnarmaður til viðbótar.

Stjórn felur framkvæmdastjóra í samstarfi við stjórnarformann að boða fyrsta vinnufundinn.

3. Fundur með hagsmunaaðilum

Stjórn Strætó vill efla samtal við farþega og aðra hagsmunaaðila Strætó um hvað betur megi fara í starfsemi félagsins t.d. hvað varðar leiðarkerfið og viðmót á heimasíðu og í appi. Stjórn Strætó ætlar í þessum tilgangi að halda opinn fund þar sem farþegar og aðrir hagsmunaaðilar eru sérstaklega hvattir til að mæta og koma ábendingum og skoðunum sínum á framfæri við stjórnendur og stjórn Strætó.

Stjórn samþykkir að boða til opins fundar þann 28. mars nk. Framkvæmdastjóra falið að sjá um að skipuleggja og auglýsa fundinn.

4. Ársfundur (aðalfundur) Strætó 2019

Samþykkt að hafa opinn ársfundi (aðalfundi) Strætó í byrjun apríl 2019, sbr. starfsreglur stjórnar þar um.

Framkvæmdastjóra falið að undirbúa fundinn í samræmi við umræður á fundinum.

5. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Áframhaldandi umræður um framtíðarfyrirkomulag akstursþjónustu fatlaðs fólks, þar sem samningar við núverandi verktaka sem sjá um akstur í akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Kópavog renna út í lok árs 2019.

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs kom inn á fundinn til að kynna stöðuna á undirbúningi á útboðinu. Farið var yfir mismunandi tillögur að útboðsfyrirkomulagi.

Guðmundur Siemsen lögmaður Strætó kom inn á fundinn til að fara yfir stefnur sem Strætó hefur borist frá tveimur rammasamningshöfum í tilfallandi akstri í akstursþjónustu fatlaðra, en þeir aðilar telja að á þeim hafi verið brotið við röðun ferða á bíla.

Guðmundi Siemsen lögmanni falið að gæta hagsmuna Strætó.

6. Innri endurskoðun 2019

Innri endurskoðun Strætó er útvistað til Deloitte ehf., Sif Einarsdóttir, meðeigandi hjá Deloitte, er ábyrgðarmaður þjónustunnar sem veitt er á grundvelli ráðningarbréfs, viðauka við ráðningarbréf og erindisbréfs.

Sif Einarsdóttir kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir endurskoðunaráætlun 2019.

Endurskoðunarnefnd Strætó hefur yfirfarið erindisbréf innri endurskoðanda og endurskoðunaráætlun fyrir árin 2019 og 2020. Á fundi endurskoðunarnefndarinnar 12. febrúar 2019, samþykkti nefndin erindisbréfið og innri endurskoðunaráætlunina og vísaði málinu áfram til stjórnar Strætó

Stjórn Strætó samþykkir erindisbréfið og fyrirliggjandi drög að áætlun um innri endurskoðun Strætó 2019 og felur stjórnarformanni að staðfesta erindisbréfið með undirritun sinni.

7. Leiðakerfi

Fulltrúi Reykjavíkur í stjórn Strætó, Hjálmar Sveinsson, óskaði eftir umræðu að beiðni fulltrúa borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, um ákvörðun stjórnar að leið 18 verði sett á sérstaka sumartíðni næsta sumar.

Á fundi stjórnar 21. desember 2018 var samþykkt að fara í hagræðingu á leiðakerfi Strætó í samræmi við samþykka fjárhagsáætlun félagsins. Fólust aðgerðirnar meðal annars í því að setja leið 18 á sumartíðni. Aðrar

breytingar sem samþykktar voru, var að stytta leið 14, hætta akstri fyrir á sunnudagskvöldum, endurskoða næturleiðir ásamt því að setja nokkrar leiðir til viðbótar við leið 18 á sumartíðni.

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins bendir á að Grafarholt-Úlfarsárdalur sé aðeins þjónustaður af leið 18 og sé eini borgarhluti Reykjavíkur sem sé þjónustaður af einni leið og því vilja þau hvetja stjórn Strætó og Reykjavíkurborg til að gæta jafnræðis meðal íbúa og tryggja viðunandi þjónustu almenningsgangana í hverfunum. Er því óskað eftir að ákvörðun um að setja leið 18 á sumartíðni verði endurskoðuð.

Stjórn Strætó felur framkvæmdastjóra að svara í samræmi við umræður á fundinum og minnisblað sem lagt var fram á fundi stjórnar 21. desember 2018.

8. Önnur mál

a) Erindi frá borgarstjóra Reykjavíkur, dagsett 22. janúar 2019 lagt fram og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið: kl. 13:15

Fylgiskjöl:

- Erindi frá borgarstjóra Reykjavíkur, dagsett 22. janúar 2019

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir